

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 8 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 28. desember 1967 ganga í gildi breytingar útgefnar í dag á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1967.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 177.

21. desember 1967.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr 5. við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Frá og með 1. janúar 1968 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 5, útgefnar í dag, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1967.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 178.

21. desember 1967.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Garðahreppi.

Fasteignaskatt í Garðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1967.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.